

# Ferli vegna brota á skólareglum

**Ferli 1**  
Atvik leyst á staðnum  
Minniháttar agabrot

Starfsmaður sem kemur að atviki talar við nemanda og gerir honum grein fyrir brotinu og ræðir við hann um úrlausn. Ef sættir takast er málinu lokið

**Ferli 2**  
Umsjónarkennari tekur við máli

Ef mál leysist ekki í ferli 1 og/eða talið alvarlegt, tekur umsjónarkennari við máli. Umsjónarkennari ræðir við málsaðila og leitar lausna í anda uppeldis til ábyrgðar

Kennari skráir atvikið í Mentor. Ef nemendur úr öðrum bekkjum blandast í málið er haft samband við viðkomandi kennara og hann skráir atvikið á sinn nemanda

Ef málið leysist ekki þá hefur kennari samband við foreldra og/eða beinir málinu til stjórnenda

Ef máli lýkur hjá kennara sér hann um skráningu í Mentor og tilkynnir um málalok.

**Ferli 3**  
Stjórnendur taka við máli

Ef mál leysist ekki í ferli 2 eða mál telst strax alvarlegt þá fer málið til skóla-stjórnenda. Stjórnendur ræða við málsaðila og leita lausna í anda uppeldis til ábyrgðar.

Ef málið leysist á sáttafundi skráir stjórnandi málið í Mentor og tilkynnir foreldrum og umsjónarkennara.

Ef mál er mjög alvarlegt og leysist ekki á staðnum eru foreldrar boðaðir samstundis á fund. Leitað leiða til úrbóta og viðurlög ákveðin í samræmi við brotið.

Stjórnandi skráir málalok í Mentor.